

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 336

febrúar 2023



*We Serve*

Febrúar 2023. Blað nr. 336  
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumdæmi 109  
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portugölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



## Fjölumdæmisstjórn:



Kristófer Tómasson,  
fjölumdæmisstjóri.  
Kristófer er félagi í  
Lionsklúbbum Geysi.  
Ef þú þarft að hafa  
samband við hann þá er  
netfang hans: kristofer.  
tomasson@gmail.com



Víðir Guðmundsson,  
umdæmisstjóri í 109 A.  
Víðir er félagi í  
Lionsklúbbnum Gardi  
og er með  
tölvupóstfangið  
vidir27@gmail.com



Sigurdur Steingrímsson,  
umdæmisstjóri 109B.  
Sigurdur er félagi í  
Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa  
í Eyjafjarðarsveit.  
Netfang Sigurðar er  
sigurdur.steingrims@  
simnet.is

## FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

### Starfsárið 2022 – 2023

Fjölumdæmisstjóri: Kristófer Tómasson,  
Lkl. Geysir

Umdæmisstjóri 109A: Víðir  
Guðmundsson, Lkl. Garður

Umdæmisstjóri 109B: Sigurdur  
Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjölumdæmisritari: Guðmundur Helgi  
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,  
Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumdæmisstjóri: Porkell  
Cýrusson, Lkl. Víðarr

Vara fjölumdæmisstjóri: Sigfríð  
Andradóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Kristinn  
Hannesson, Lkl. Víðarr

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi  
Asgrímsson, Lkl. Dynkur

Kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen,  
Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna  
Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Porkell  
Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,  
Lkl. Úa

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-  
þjálfun): Halldór Kristjánsson,  
Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (útbreiðsla og fjölgun): Jón  
Pálmason, Lkl. Víðarr

GMT/konur í Lions: Thelma  
Kristinsdóttir, Lkl. Eden

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,  
Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,  
Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára  
Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni  
Þorsteinsson fyrrv.

Alþjóðastjórnarmaður,  
Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparstjórnastjóri: Hörður  
Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi  
Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur  
Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,  
Lkl. Hængur

LCIF/IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,  
Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Laufey  
Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Menningarstjóri: Sigfríð Andradóttir,  
Lkl. Æsa

Formaður Kjaransorðunefndar. Björg  
Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Anna Blöndal  
Lkl. Ylfa

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur  
Sigurdsson, Lkl. Ásbirni

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín  
Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.  
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín  
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumdæmisstjóri 109A: Friðrik A.  
Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumdæmisstjóri 109B: Baldur Ingi  
Karlsson, Lkl. Hængur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:  
Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:  
Arnar Hrólfsson, Lkl. Bjarni

**Framkvæmdastjórn**  
**Lionshreyfingarinnar 2022 – 2023:**

Alþjóðaforseti Brian E. Sheehan,  
United States;

Fyrverandi alþjóðaforseti Douglas X.  
Alexander, United States; Vara

alþjóðaforseti, Dr. Patti Hill, Canada;

Annar vara alþjóðaforseti Fabricio  
Oliveira, Brazil;

Þriðji vara alþjóðaforseti A.P. Singh,  
India.

**Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:**

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling,  
United States;

John W. Youney, United States.

**Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:**

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Umbrot: Litlaprent ehf.  
Forsíðumynd: Forsíðumynd: Skóli í  
Úkraínu tekur á móti rafstöðvum.



## Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fjórða tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er eingöngu netblað en eins og ykkur er kunnugt er öll Lionsblöðin netblöð, bæði þau sem eru prentuð og þau sem ekki eru prentuð. Efni í blaðinu er frekar lítið að þessu sinni og veit ég ekki hvað veldur kannski það risjóta veður sem við höfum haft hér á landinu bláa. Þó eru áhugaverðar greinar í því og hvet ég ykkur til að lesa þær vel. Til dæmis er mjög ítarleg grein um „rafstöðvaerkefni“ fyrir íbúa Úkraínu sem ég haet alla til að lesa. Eins er grein frá Þór Steinarsyni um Ísland sem eitt umdæmi eða fjölumdæmi sem vert að lesa.

Í næsta blaði þá fer ég fram á það við GMT teymið okkar að það komi með upplýsingar um hvornig gengur að afla félaga svo umdæmi 109 A verði löggilt og Kristinn Hannesson geti því boðið sig fram til embættis alþjóðastjórnarmanns eins og áætlað er á þinginu í Boston næsta sumar.

Efni þessa blaðs er hefðbundið, greinar frá klúbbum, minningar um látna félaga, fáar greinar frá embættismönnum (sem er miður), svokallaðar skyldugreinar frá alþjóðastjórn ofl.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

# Skilafrestur á efni í næsta blaði er 30. mars

# Byggjum upp þá framtíð sem við viljum sjá

## Pistill Alþjóðaforseta



**H**alló Lionsfélagar Eigið þið stóra drauma með klúbbinn ykkar? Viljið þið auka félagafjöldann, fá inn fleira af ungu fólki eða bæta við þau þjónustuverkefni sem þið eruð að gera? Þegar þig dreymir stórt og ég veit að lionsfélagar vilja dreyma stórt þá getur það verið yfirþyrmandi og erfitt að ákveða hvar á að byrja.

En hér er stóra leyndarmálið hjá Lions, þið þurfið ekki að gera þetta ein. Global Action teymið getur aðstoðað við málin. Einnig höfum við alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF sem getur hlaupið undir bagga í fjárhagsmálum. Það eru meira en 48.000 klúbbar víða um heim sem eru að reyna að gera það sama og þið viljið gera þ.e.a.s. að byggja upp klúbb drauma sinna. Þið skuluð mæta á þingin og hitta lionsfélagana í umdæminu. Skiptast á hugmyndum, fá símanúmer og mynda sambönd.

Seal Beach Lionsklúbburinn í Californíu varð ekki stærsti klúbbur Bandaríkjana útaf engu. Þau ákváðu hvað þau vildu gera til að vaxa og þau vildu fá féлага sem endurspegluðu nágreinissamfélagið. Breiðan hóp á öllum aldri og mismunandi lífsreynslu. Í stað þess að byrja á stóru fjölgunarplani þá einbeittu þau sér á að byggja upp klúbb sem fólki langaði til að ganga í og það gekk eftir. Þið ættuð að getað þetta líka.

Ákveðið hvað er best að gera fyrir klúbbinn og stefnið að því. Árangurinn lætur ekki á sér standa.

Eigið góðan dag.

*Brian Sheehan  
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar  
Þýðing: Geir Hauksson*

## Framboð til alþjóðastjórnar

Kristinn Hannesson

Framboð til alþjóðastjórnar Lions



**N**ú er aldeilis farið að stytast í alþjóðþing og þar með að skila inn formlegu framboði til til setu í alþjóðastjórn Lions starfsárin 2023 – 2025. Kosningin fer svo fram á alþjóðþinginu í Boston, 7. – 11. júlí næstkomandi.

Þegar þið félagar góðir kusuð mig til þess að verða ykkar framboðandi virtist þetta svo óralengt í burtu, nánast eins og fjarlægur draumur sem nú er farið að stytast óþægilega mikið í að rætist. Þegar ég segi óþægilega mikið þá er ég að tala um þá miklu fækkun féлага

sem orðið hefur á starfsárinu. Í dag vantar okkur 61 féлага til að teljast fullgilt umdæmi og þar með að hafa rétt til setu í alþjóðastjórn. Ég er þó fullur bjartsýni og trúí því og treysti að klúbbar á Íslandi muni ekki láta sitt eftir liggja. Þeir munu halda í sína góðu féлага og þeir munu taka inn nýja þannig að í lok starfsárs verða að lágmarki 1250 félagar í A umdæminu.

Ég hef verið spurður að því fyrir hvað ég standi sem alþjóðastjórnarmaður verði ég kjörinn. Í sjálfum sér er svarið mjög einfalt: Þeir félagar sem kjörnir eru til þess að gegna ákveðnum trúnaðarembættum fyrir Lionsshreyfinguna sverja þess eidd að standa vörð um markmið og stefnu Lions sem felast í átta kjarna verkefnum. Sjónvernd, ungmennamálefni, náttúruhamfarir, mannúðarverkefni, sykursýki, krabbamein barna, hungur og umhverfisvernd. Auðvitað koma fleiri málefni inn á borð alþjóðastjórnar og eru þau þá tekin til umræðu í viðkomandi nefndum eftir því sem við á. Alþjóðastjórnarmenn hafa líka tækifæri til að koma sínum hugðarefnum á framfæri en hafa skal í huga að það er alls ekki víst að þau málefni hljóti brautargengi. Fræjum hefur þó verið sáð og málefnið fært til bókar. Eitt af þeim málefnum sem alþjóðastjórnarmaður sver eidd að og kannski það mikilvægasta

er að efla framgang og virkni alþjóðahjálparsjóðs Lions. Án alþjóðahjálparsjóðsins yrði oftast en ekki lítið úr þeim verkefnum sem verið er að sinna.

Eins og fyrr segir fer alþjóðþingið fram í Boston 7. – 11. júlí næst komandi. Kosning og skráning hefjast kl. 12:00 miðvikudaginn 9. júlí og nauðsynlegt að allir mæti sem fyrst.

Kynning frambjóðenda (Business session) er kynning þeirra sem bjóða sig fram sem alþjóðastjórnarmenn en einnig þeir sem bjóða sig fram sem 3. vara forseti.

Ég hlakka til að hitta ykkur í Boston og að sjálfsögðu einnig heima á okkar þingi. Þó ég sé að tala um stuttan tíma þá eru verkefnin næg.



## Hvernig verða ávextir af lionsstarfinu til?

Kristófer Tómasson

fjölumdæmisstjóri 2022-2023

Lionsklúbbum Geysi



Það finnst víða fólk með lionshjarta. Ég veit að þetta er klisjukennt. Mig langar engu að síður að leiða hugann að því hvað það er sem fólk þurfi að hafa til að það þrífist og njóti sín í lionsshreyfingunni og hvað þurfi klúbbarnir að hafa til að bera? Hvað gerir það að verkum að svo mikið hefur áunnist í lionsstarfinu? Á rúmum sjötíu árum hefur íslenskt lionsfólk komið miklu til leiðar í íslensku samfélagi. Ég held að við sem tilheyrum lionsshreyfingunni séum fæst gefin fyrir að berja okkur á brjóst og hrósa okkur fyrir afrek. Það er samt sem áður ánægjulegt að horfa til þess hverju þessi hópur

hefur fengið áorkað síðan um miðja síðustu öld. Ekki ætla ég að fara út í ítarlega upptalningu, en ef minnst er eingöngu á heilbrigðiskerfið í landinu. Þá væri mikið verkefni að telja upp allt sem lionsshreyfingin hefur komið þar til leiðar. Annars vegar á heilsugæslustöðvum í byggðarlögum um allt land og hins vegar á sjúkrahöfnum allra landsmanna. Íslenska þjóðin væri mun verr á vegi stödd ef ekki hefði komið til þessa stuðnings. Íslenskir lionsklúbbar hafa einnig lagt mikið fé til alþjóðlegra verkefna. Fyrir mitt persónulega leiti er ég stoltur af að vera eitt það í þessum félagsskap.

Á hinn bóginn finnst mér tilefni til að horfa á lionsklúbbana sem afþreyingu og yndisauka. Sem þeir sannarlega eru fyrir þá sem finna sig þar.

- Hvað gerir það að verkum að klúbbar fái einverju áorkað, nái árangri í sínum störfum og láti til sín taka?
- Hvað býr til aðdráttarafl fyrir lionsklúbbana?
- Hvað fær fólk til að endast í lionsstarfinu?
- Sitt sýnist hverjum um hver réttu svörin séu. Ég er ekki í vafa um hvaða svar eigi best við allar spurningarnar. Að það sé til staðar ánægja í klúbbstarfinu.

Fólk setur gjarnan í forgang að leggja af mörkum vinnuframlag og einhverja krónur í að veita stuðnings þar sem hans er þörf. Persónulega gefur það mér mikið að finna að ég sé að leggja hjálparstarfi lið í gegnum klúbbinn minn sem ég hef starfað svo lengi í og þykir mjög vænt um. Aðrir setja allt öðruvísi

tómstundagaman í forgang, svo sem golf og laxveiði. Allt gott um það að segja. En það er vissulega hægt að sinna slíkum málum ásamt lionsstarfinu. Mörg önnur samtök vinna framúrskarandi hjálparstarf af sama toga og Lionsfólk gerir. Svo sem Kiwanis, Rotary og ekki síst kvenfélög um allt land. Mörg góð dæmi eru um starf þar á milli. Lionsshreyfingin er því sannarlega í samkeppni um fólk, um að ná félögum í klúbbana og fá þá til að endast

Að hafa gaman af starfinu í klúbbnum, hlakka til að mæta á hvern fund og njóta samvista með félögnum. Ég hugsa að það andmæli ekki margir því að þetta sé það sem skiptir mestu máli í Lionsstarfinu. En það er ekki víst að það finnist öllum það skemmtilegt sem ég eða einhver annar í klúbbnum hefur ánægju af. Við þurfum að vera vakandi fyrir því að taka tillit til óska sem allra flestra. Ef lítið er hlustað eftir sem flestum röddum í klúbbnum og sérstakleg röddum þeirra sem nýlega hafa gengið í liðið, þá er hætt við að góðir og gegnir félagar yfirgefi klúbbana einn af öðrum. Við höfum mjög margt til að bera í okkar klúbbum og við það koma margir til liðs okkur á hverju ári. Við þurfum að leggja okkur eftir því að láta þeim sem og öðrum líða vel í klúbbstarfinu.

## Neyðarástand er nú í Tyrklandi og Sýrlandi eftir jarðskjálftana

Kæru lionsfélagar,  
Við getum lagt lið með því að styrkja LCIF – Alþjóða hjálparsjóð Lions með persónulegu framlagi sem skuldfærast á kreditkort. Hægt er að skrá sig fyrir framlagi á heimasíðu Lions á Íslandi <https://www.lions.is/is/lcif/lcif> Öll framlög, stór og smá, skipta máli. Sýnum stuðning í verki!

Öflugur jarðskjálfti reið yfir Tyrkland og Sýrland og sterkir eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið og tala látinna er komin yfir 20.000 þegar þetta er skrifað og þúsundir til viðbótar slasaðar. Þetta eru stærstu skjálftar sem orðið hafa á svæðinu í meira en 100 ár og hafa skilið heilu samfélögin eftir eyðilögð. Í svona náttúruhamförum skiptir tíminn öllu máli – að hægt sé að bregðast við strax – spurning um fyrstu klukkustundir og daga.

Látum ekki okkar eftir liggja, við þekkjum afleiðingar mannskæðra hamfara og hversu mikilvæg fyrsta hjálpin er. Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur hefur lýst þessum hamförum þannig: „Svipað því og allt Ísland myndi rifna í tvennt“

Við getum öll lagt lið og styrkurinn felst í fjöldanum.

Greiðsluhlekkur á LCIF [https://www.lionsclubs.org/en/donate?utm\\_source=Facebook&utm\\_medium=link&utm\\_campaign=turkey\\_earthquake\\_february\\_2023&fbclid=IwAR04JWe91bkAm2rFK-itOPy1odFyLb1ZVh5T3ts-Dd5ogeWX9PL\\_uVizVus](https://www.lionsclubs.org/en/donate?utm_source=Facebook&utm_medium=link&utm_campaign=turkey_earthquake_february_2023&fbclid=IwAR04JWe91bkAm2rFK-itOPy1odFyLb1ZVh5T3ts-Dd5ogeWX9PL_uVizVus)

Kveðja Björn, Geirprúður og Anna



# Emblupistill – Lionsklúbburinn Embla



Helga Einarsdóttir sögukona og Margrét Jónsdóttir formaður.



Bóndadagsblómin.



Stjórnin

Á fyrri fundinum í janúar fengum við Emblur til okkar Helgu Einarsdóttur sem las upp úr bók sinni „Með björtum augum“ - skemmtileg frásögn um bernsku hennar og fram á fullorðins ár.

Fyrir bóndadaginn höfum við Emblur haft þann sið að selja okkur blóm sem við gleðjum mennina okkar með eða bara okkur sjálfar. Svo héldum við þorrablót, það fór fram á seinni fundinum í janúar með súrsuðu, kæstu og söltuðu góðgæti. Ekki má gleyma við eigandi veigum. Við vorum með fimm gesti. Siðameistari skipaði öllum að mæta með hatta, sumar fóru lengra og mættu í viðeigandi búningum. Og var þetta hin besta skemmtun. Og nú er góan á næsta leiti og síðan kemur vorið,

Þá fer vonaði að hlýna.

Með kveðju fyrir hönd Lionsklúbbsins Emblu

Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi



Stallari í pontu.



Þorraborð.



Staupin fyllt.



Skál í botn.



Hattar af ýmsum gerðum.



Hattar af ýmsum gerðum.



Glæsilegasti hatturinn.

# Sameinuð í góðvild

Eftir Elizabeth Edwards



Þegar stríðið í Úkraínu hófst í mars 2022 flúðu þúsundir Úkraínuranna og fóru yfir landamærin til Póllands og annarra landa í leit að öryggi. „Dagana fyrir innrás Rússa fóru allir í taugarnar á þeim," rifjar Yaroslav Jaszniak, úkraínskur ríkisborgari upp. „Allir bjuggust við einhverju slæmu en í raun hafði enginn búist við því að það yrði svona hörmulegt og svona í fullum mæli".

Jaszniak, 29 ára, bjó í Kyiv í Úkraínu allt frá fæðingu, en þegar innrásin hófst og eftir stórskotaliðssprengingu um 15 mílur frá heimili hans ákvað hann að hann og fjölskylda hans myndu fara á brot. Eftir þriggja vikna ferðalag komu Jaszniak, eiginkona hans, Ivanna, og þrjú ung börn þeirra til Kraká í Póllandi eftir að hafa farið yfir pólsku landamærin.

Jaszniak fjölskyldan er aðeins ein saga af þúsundum fjölskyldna sem flúðu Úkraínu í leit að hæli. Þegar mannúðarkreppa af þessari stærðargráðu á sér stað eru Lions og Lions Clubs International Foundation (LCIF) meðal þeirra fyrstu til að bjóða aðstoð.

Hingað til hefur LCIF veitt 53 styrki sem nema samtals meira en 2,7 milljónum Bandaríkjadala í 17 löndum til að styðja við verkefni Lions til að hjálpa flóttamönnum frá Úkraínu. Sjóðir tryggja að Lions séu til staðar til að mæta fjölbreyttum þörfum flóttafólks, þar á meðal tafarlausri lífsbjörg í formi aðstoðar við matargjafir og aðstoð við að hjálpa fólki að aðlagast nýju samfélögum. Styrktarsjóðirnir munu styrkja meira en 230.000 flóttamenn.

„Lions og LCIF ættu að halda áfram að hjálpa okkur vegna þess að við höfum mikið af flóttafólki í neyð," sagði Lion Roman Monastyrskyy, úkraínskur ríkisborgari og einn af þeim lionsmönnum sem svaraði kallinu um að hjálpa samfélagi sínu.

Monastyrskyy, sem aðstoðaði við verkefni í Lviv nálægt pólsku landamærunum, mundi þegar stríðið hófst og hann byrjaði að fá símtöl frá Lions í Póllandi, Svíþjóð, Frakklandi og Litháen þar sem hann spurði hvernig þeir gætu hjálpað. Í upphafi, með stuðningi LCIF, útvegaði

Ukrainian Lions flóttamönnum heitan mat, föt og sjúkragögn í skólum og farfuglaheimilum í Lviv og síðan byrjuðu þau að flytja mat til fjölskyldna í austurhluta Úkraínu, þar sem flest átökin eiga sér stað.

Vegna aukinnar þarfar á sumum svæðum veitti LCIF Lions í Póllandi stærstu styrkuppþæðina, samtals 1.289.789 Bandaríkjadali. Lionssamtökin í Úkraínu hafa fengið næststærstu upphæðina, 895.000 bandaríkjadali, til að styðja við flóttamenn sem verða eftir í landinu.

Þó að LCIF styrkveitingar hjálpi til við að aðstoða flóttafólkið sem neyðist til að yfirgefa heimili sín á þessum gríðarlega erfiða tíma, þá eru nokkrar áskoranir.

PDG Katarzyna Gebert, eitt af leiðandi verkefnum Lions í Póllandi, segir erfitt að hrinda verkefnum í framkvæmd fyrir íbúa Úkraínu vegna áfalla þeirra og mikillar sorgar eftir stríðsreynslu sína.



„Tár í augum kvenna, skjálfandi raddir, sorgmædd andlit barna, endalausar sögur um grimmdarverkin sem þær upplifðu eða urðu vitni að - tilfinningarnar, átökin við raunveruleika stríðs, þjáningar og hræðileg örlög fólks sem Lions veita stuðning er eitthvað sem við höfum aldrei þurft að upplifa og er fordæmalaust", sagði hún.

Saman geta Lions og LCIF veitt flóttafólki áframhaldandi von með framlögum í Flóttamannasjóð LCIF, sem mun hjálpa til við að tryggja að Lions séu alltaf til staðar til að styðja flóttamenn á þeim tíma sem þeir eru í mikilli þörf.

„Alþjóðasamtök Lions standa sig frábærlega við að styðja við bakið á fólki í Úkraínu sem flýr átökin," sagði Jaszniak. "Það gerir í raun alla örugga og sannarlega skiptir máli."

Til að læra meira um áframhaldandi átak er hægt að heimsækja heimsíðu Lions og horfa á myndband. Slóðin er: [lionsclubs.org/UkraineResponse](https://lionsclubs.org/UkraineResponse).

*Þýðing: Þorkell Cýrusson*



# Fiskkaup leggja Fjölni lið í blóðsykursmælingum

Sykursýki hefur verið átaksverkefni Lions hreyfingarinnar um allan heim í nóvembermánuði um margra ára skeið. Var nóvember 2022 þar engin undantekning. En segja má að átakið hafi undanfarin ár, liðið fyrir Covidfaraldurinn eins og svo margt annað. Hér á landi hafa blóðsykursmælingar úti í samfélaginu verið framkvæmdar víða um land.

Til undirbúnings átaksins fékk Þórir Jensen, svæðisstjóri Lionssvæðis 8, framkvæmdastjóra hjúkrunarviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Ragnheiði Ósk, ásamt Rut hjúkrunarfræðingi, til liðs við klúbbana á svæði 8. Þær stóllur heimsóttu klúbbana í sal Lionshreyfingarinnar í Hlíðarsmára 14. Þar sýndu þær nýjasta blóðsykursmælinn og héldu sýnikennslu í handbragði við mælingarnar.



Til vinstri: Lena Ósk Guðjónsdóttir lagði Fjölnismönnum lið við blóðsykursmælingarnar. Hún þekkir sykursýki af eigin raun; greindist þegar hún var 9 ára gömul.

Til hægri, Fjölnismenn: Þórir Jensen, sem sá um samskipti og skipulag, Bjarki sá svo um að afhenda öllum vandaðann upplýsingabækling og loks Jón H., en Þórir og Jón sáu um að skrá niðurstöður mælinga á sérstakt eyðublað.



## Kútmagakvöld Lionsklúbbanna Ægis og Fjölnis



# Kútmagakvöld



## Lionsklúbbsins Fjölnir

### Föstudaginn 24. febrúar 2023

### Gullhömrum Grafarvogi

**Hið frábæra og upprunalega kútmagakvöld klúbbsins er óðum að nálga!**

**Að hætti hefðarinnar sameinum við hina fjóra meginþætti sem kvöldið hefur verið þekkt fyrir frá upphafi, herrakvöld, matarkvöld, skemmtikvöld og síðast en ekki síst**

**GÓÐGERÐAKVÖLD.**

**Borið verður fram úrval alls hins besta sem til er á Íslandi í sjávarréttum sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.**

**Valinkunnur veislustjóri stýrir kvöldinu og úrvals skemmtiatriði eru í boði þar sem góðir gestir kíkja við. Málverkaupboð og happadrætti með fjölbreyttum vinningum í boði.**

**ALLUR ÁGÓÐI KVÖLDSINS RENNUR TIL GÓÐGERÐAR- OG LÍKNARMÁLA!**

Kæru Lionsfélagar. Nú er loksins komið að því að fagna rækilega því framundan er hið víðfræga Kútmagakvöld Lionsklúbbanna Ægis og Fjölnis.

Takturinn í samfélaginu er nú væntanlega að komast í þokkalega eðlilegt horf og fleiri og fleiri viðburðir eru aftur á dagskrá með eðlilegum hætti, líkt og Kútmagakvöldið okkar.

Herlegheitin fara fram í Gullhömrum í Grafarvogi föstudaginn 24. febrúar. Húsið verður opnað kl. 19:00 og hátíðin hefst formlega kl. 20:00.

Að venju eru fjórir meginþættir hátíðarinnar í heiðri hafðir; herrakvöld, matarkvöld, skemmtikvöld og síðast en ekki síst: Góðgerðarkvöld!

Mikill metnaður er lagður í matinn sem boðið er uppá; þar er um að ræða marga tugi rétta, heitra og kaldra, af því besta sem hafið í kringum Ísland hefur uppá að bjóða.

Eldhress veislustjóri mun sjá um að allt fari fram eins og vera ber. Málverkaupboðið verður á sínum stað í dagskránni og skemmtikraftar munu láta í sér heyra. Svo er náttúrulega alltaf gaman að hitta mann og annan á góðri stundu.

Lionsfélagar eru hvattir til að mæta á skemmtielgan viðburð.

**MIÐASALA ER HJÁ:**

Baldvin Heimisson

GSM 695 1612

Guðjón Smári

GSM 898 4337

Þórir Jensen

GSM 693 3734





Talið frá vinstri: Arndís með hann Berta fyrirmyndarhund í fanginu, þá eru það þau Ragnar, Barbara og Jóney.



Ingibjörg brosti breitt þegar Lena Ósk mældi hana.

### Fiskkaup veittu Fjölni gott liðsinni

Við Fjölnismenn höfðum samband við Ásbjörn Jónsson, forstjóra hjá Fiskkaupum og báðum hann að liðsinna okkur með því að fá að framkvæma blóðsykursmælingar á hans starfsfólki. Varð Ásbjörn ljúfmannlega við þeirri beiðni. Ákveðin var dagsetning og tími dagsins og fjórir Fjölnismenn mættu á staðinn, ásamt Lenu Ósk Guðjónsdóttur, en hún þekkir insúlínháða sykursýki af eigin raun. Alls voru framkvæmdar mælingar á 36 af rúmlega 40 starfsmönnum hjá Fiskkaupum. Þrír starfsmenn fengu mælingu sem kallaði á heimsókn til heilsugæslu til öryggis. Fjölnismenn buðu upp á konfekt og piparkökur að lokinni mælingu. Félagar í Fjölni færa Ásbirni Jónssyni, forstjóra og fólkinu hans hjá Fiskkaupum, alúðar þakkir fyrir liðveisluna.



Magdalena mæld og Helgi fylgist gaumgæfilega með.



Til vinstri: Þórir fær sér hressingu, kaffi og konfekt, að lokinni mælingu. T.h. Lena Ósk að mæla og hann Ogechi er klárlega næstur.



Valur bar sig vel þegar Lena Ósk stakk hann og mældi.

## Rut og Ragnheiður Ósk kynna Lionsmönnum tæki og rétt handbrögð við blóðsykursmælingar



# Sérlega glæsilegur Jólafundur Fjölnis 2022

Fimmti fundur starfsársins hjá Fjölni, sjálfur Jólafundurinn, var haldinn 15. desember 2022 með pomp og pragt. Tekið var á móti gestum með léttum veigum til að kitla bragðlaukana áður en sest var að Jólakrásum.

Rúmlega 30 manns mættu þrúðbúin á fundinn. Þar á meðal voru 6 ekkjur látinna félaga, en það hefur lengi verið hefð hjá Fjölni að bjóða þeim á viðburði. Einnig komu 5 gestir sem eru í aðlögun til inngöngu í klúbbinn.

Gestafyrirlesari var á fundinum, Þorvaldur Friðriksson, forleifafraeðingur. Þorvaldur kynnti nýútkomna bók sína KELTAR, þar sem rakin eru áhrif Kelta á íslenska tungu staðarheiti og margt fleira. Var gerður góður rómur að fyrirlestrinum og margir festu kaup á bókinni.

Boðið var upp á frábært Jólahláðborð frá HH-Veitingum, heitt og kalt, með villibráðaívafi. Mikil ánægja var með Jólafundinn.



Frá vinstri: Heimir Bergmann, Ómar og Vigfús.



Fyrir miðju: Heimir Brynjúlfur 1. aldursforseti Fjölnis. Til vinstri við Heimi Brynjúlf er Sigríður og Edda til hægri.



Frá vinstri: Ingimar Skúli og Þórir Jensen voru kampakátir í móttökunni.



Frá vinstri: Halldór Sævar og Jón H. voru brosmildir og kátir.



Frá vinstri: Þórhallur 2. aldursforseti Fjölnis og Málfríður.



Frá vinstri: Grétar, Íris, Ingimar Skúli og Daníel.



Frá vinstri: Baldvín Gunnlaugur og Jakob Máni.

*Innfellda myndin til hægri: Ingimar Skúli til vinstri og Pétur.*



*Til vinstri: Jóhanna frá HH veitingum er hér við Villibráðahluta Jólahlaðborðsins. Að ofan er Þorvaldur Friðriksson fornleifafræðingur óræður á svip.*



*Frá vinstri: Ægir og Sif.*



*Frá vinstri: Hanna og Dísá.*



*Frá vinstri: Signý og Hjörtur.*

## Gísli Einarsson fór á kostum á fundi hjá Fjölni

Fjórði fundur starfsártsins hjá Fjölni var haldinn 22. nóvember 2022. Alls mættu fimmtán félagar til fundar. Tveir gesti voru einnig mættir, þeir Valdimar Tómasson og Heimir Bergmann, til að kynna sér starfsemi Fjölnis, með væntanlega félagsaðild í huga.

Við fengum líka frábæran gestafyrirlesara, Gísli Einarsson, fréttá- og þáttagerðarmann (stjórnandi Landans). Gísli veitti okkur Fjölnismönnum innsýn í skemmtidagskrá sem hann kallar Ferðabók Gísla Einarssonar, og er nú sýnd á Söguloftinu í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Gísli fer í sýningunni um allt land og segir frá fólki og fyrirbærum sem hann hefur mætt í þessum ferðum. Allar upplýsingar um sýninguna eru á landnamssetur.is og tix.is.

Var borinn fram matur frá HH-Veitingum; frábærar Kótilettur í raspi með tilheyrandi meðlæti.



# MD 109 - EITT umdæmi eða tvö

Samkvæmt Alþjóðahreyfingu Lions telst umdæmi vera fullgilt ef fjöldi klúbba er a.m.k. 35 og fjöldi félaga a.m.k. 1.250. Þessi viðmið hafa tekið breytingum gegnum árin.

Hérlendis eru tvö umdæmi og samkvæmt því ættu klúbbar landsins að vera 70 eða fleiri og félagafjöldinn 2.500 eða fleiri. Núna eru 81 klúbbar á landinu og félagafjöldinn 1923 (1.febrúar 2023).

Árið 1955 voru þrjú klúbbar. Það ár var stofnað bráðabirgðaumdæmi og Magnús Kjaran skipaður umdæmisstjóri Lions International á Íslandi. Árið 1960 voru Lionsklúbbar á Íslandi orðnir 20 og þar með varð Ísland löglegt umdæmi. Umdæmi 109. (Heimild "Við leggjum lið" bók Svavars Gest)

## Hvenær urðu umdæmin tvö?


Þorvaldur Þorsteinsson lauk starfstíma sínum 1972 sem alþjóðastjórnarmaður Lions. Þá hafði hann fengið vilyrði annarra fulltrúa í alþjóðastjórn um skiptingu umdæmis 109 í tvö umdæmi ef Ísland uppfyllti þáverandi skilyrði um 1000 félaga í umdæmi og 30 klúbba. Þetta takmark náðist 1973 og því var óskað eftir staðfestingu alþjóðastjórnar á tveimur umdæmum þó svo að það vantaði 12 félaga í annað umdæmið. Alþjóðastjórn samþykkti skiptinguna sem tók gildi 1.júlí 1973.

## Hver er þróun í fjölda Lionsfélaga undanfarna áratugi?

Nýlega tók undirritaður saman fjölda félaga samkvæmt ársskýrslum frá 1970 til 2023. Einnig hef ég afrit af bréfi sem sent var til District and Club Service Committee í mars 1994 þá voru mörk á milli A og B umdæmis flutt til þannig að 9 klúbbar voru fluttir úr A –umdæmi yfir í B-umdæmi. Þar með voru 48 klúbbar í hvoru umdæmi með yfir 1.300 félögum í hvoru umdæmi. Þá var búið að breyta viðmiðum Lionsclubs International varðandi umdæmi, lágmark 35 klúbbar og lágmark 1250 félagar.

Í bók Svavars Gest "Við leggjum lið" er félagafjöldinn 2790 árið 1989. Í sömu bók segir við árið 1991. "Fækkun félaga var nokkur í báðum umdæmum þó ekki væri hún stórvægileg. Hitt var uggvænlegra að nokkrir Lionsklúbbau börðust í bökkum vegna fámennis..."


Byrjunin á eftirfarandi línuriti miðast við árið 1973 þar sem nokkrar upplýsingar fengust úr ársskýrslum eldri ára á Lionsskrifstofunni.




Samkvæmt upplýsingum frá Oak Brook eru 1.923 Lionsfélagar á Íslandi í janúarlök 2023. Í umdæmi A eru 1188 félagar og í umdæmi B eru 735 félagar.

Ég ætla ekki að reyna að greina hvers vegna þessi fækkun hefur átt sér stað, en sýni hér tvö línurit er sýna aldursdreifingu Lionsfélaga með 22 ára millibili.

Fyrri línuritið er tekið úr ársskýrslu Fjöllumdæmisins starfsárið 1998-1999.



Seinna grafið er unnið úr gögnum frá Lionsskrifstofunni sumarið 2022.



Síðsumarið 2022 voru 1924 Lionsfélagar á skrá hérlendis (Samkvæmt íslenska félagatalinu).

Berum saman hlutföll í aldursdreifingu milli 1999 og 2022.



	1999	2022
50 ára og eldri	64%	86%
40 ára og eldri	88%	96%
40 – 59 ára	56%	27%
70 ára og eldri	13%	42%

Þegar þessi hlutföll eru skoðuð og horft til fyrri línuritsins er ekki annað að sjá en að það stefni í áframhaldandi fækkun Lionsfélaga hérlendis.

## "EITT umdæmi eða tvö".

Mörkum umdæma var breytt 1994 til fjölga klúbbum og félögum í B-umdæmi og um leið náðist að bæði umdæmin yrðu fullgild. Árið 2009 voru hvorug umdæmin fullgild því voru 5 Lionsklúbbar, sem áður voru í A-umdæmi, færðir úr B umdæmi yfir í A umdæmi til þess að A

–umdæmið yrði fullgilt. Báðar þessar tilfærslur voru gerðar til að auðvelda væntanlegum frambjóðendum frá Íslandi aðgang að sæti í alþjóðastjórn. Við breytinguna 2009 fækkaði verulega í B-umdæmi sem ekki hefur náð vopnum sínum varðandi félagafjölda og eins hefur fækkað í A-dæmi. Þetta sést vel á eftirfarandi línuritum. Ekki var getið félagafjölda í öllum ársskýrslum og því vantar mælipunkta sérstaklega fyrir 2000.



Þessi þróun kallar að mínu mati á endurskoðun á stjórnkerfi íslensku Lionsshreyfingarinnar. Væri stjórnkerfið skilvirkara sem umdæmi í stað fjölumdæmis? Væri rekstrarkostnaður lægri sem umdæmi í stað fjölumdæmis?

Ég læt lesendum eftir að hugleiða þessi mál og finna lausnir.

Með Lionskveðju  
Þór Steinarsson  
Fyrirverandi fjölumdæmisstjóri.



## Minning † Anton Sigurðsson



Anton var fæddur 17. desember 1955 var því nýjorðinn 67 ára þegar hann lést 19. janúar 2023. Eftirlifandi eiginkona hans er Hjördísi Vilhjálmsdóttir, einnig lætur hann eftir sig fjögur uppkomin börn.

Anton var yngstur af okkur félögum í Lionsklúbbi Seltjarnarnes. Hann gekk í klúbbinn 5. janúar 1990 og hefur því verið félagi í klúbbum í 32 ár. Toni eins og hann var alltaf kallaður var einstaklega

góður félagi og tók virkan í þátt félagsstarfinu og verkefnum klúbbsins. Hann var formaður klúbbsins er hann lést. Árið 2007 var hann gerður að Melvin Jones féлага æðstu viðukenningu Lionsshreyfingarinnar.

Við Lionsfélagar minnumst góðra stunda sem við áttum saman eins og að setja niður merkingastaura við þekkt örnefni á Seltjarnarnesi, þökkum jóladagatala og ferðalaga okkar erlendis.

Ég vann svo með Tona hjá syni mínum þar sem færa þurfti til baðherbergi og eldhús. Þar kynntist ég lagni hans og útsjónarsemi sem pípulagningarmanns. Það var einstaklega gott að vinna með Tona, sem var alltaf með sitt jafnaðargeð sama hversu flókin sem verkefni voru.



Við söknum einstaks lionsfélaga og vinar.





Við sendum Hjördísi og börnum hans okkar bestu samúðarkveðjur og megi guð gefa þeim styrk í sorg sinni.

f.h. Lionsklúbbs Seltjarnarness  
Guðjón Jónsson ritari

# Desember – myndasíða

- Bryndís Ragnarsdóttir
- Friðgeir H. Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





# Lionsklúbbar um alla Evrópu hjálpa úkraínskum börnum að halda á sér hita

**T**il að bregðast við stöðugum sprengjuárásum Rússa á rafmagnsinnviði Úkraínu, hafa evrópskir lionsklúbbar í 13 löndum safnað tæpum 1,5 milljónum evra síðan í október til að útvega úkraínskum leikskólum, skólum, munaðarleysingjahælum og bráðabirgðaskýlum yfir 1.800 rafstöðvar.

1,4 milljónir lionsmanna um allan heim eru einnig beðnir um að auka við 200.000 dollara fjárveitingu sem Alþjóða hjálparsjóður Lions (LCIF) hefur þegar lagt til, til að bregðast við jarðskjálftunum sem reið yfir suðurhluta Tyrklands og Sýrland 6. febrúar síðastliðinn.

9. febrúar 2023 - Í lok febrúar munu meira en 1.800 smárafstöðvar hafa verið afhentar til Úkraínu í gegnum einstakt 1,5 milljón evra fjáröflunarverkefni sem lauk þann 31. janúar, þar sem hundruð lionsklúbba í 13 mismunandi Evrópulöndum taka þátt.

Nú þegar hafa rúmlega 450 rafstöðvar verið afhentar frá því verkefnið hófst í október og hafa flestar verið settir upp, en verkefnið hefur verið afar flókið vegna sibreytilegra aðstæðna í sundruðu landi. Fyrstu rafstöðvarnar voru keyptar þar sem þær voru fánlegar, í Eistlandi, Finnlandi og Svíþjóð, síðan í Noregi og Hollandi.

Síðasti farmurinn upp á um 1.400 rafstöðvar mun fara frá verksmiðju stórs tyrknesks framleiðanda á Istanbul-svæðinu til Kyiv eftir miðjan febrúar eða fyrir 24. febrúar, afmæli „sérstakra hernaðaraðgerða“ Rússa í Úkraínu. Framleiðandinn hefur fullvissað verkefnishópin um að sá hörmulegi jarðskjálfti sem reið yfir Tyrkland og Sýrland þann 6. febrúar hafi ekki haft áhrif á aðstöðu fyrirtækisins eða tímasetningu sendingarinnar.

Mikill meirihluti þeirra rafstöðva sem lionsklúbbarinn hafa gefið hefur verið úthlutað til skóla, leikskóla og munaðarleysingjahæla víðsvegar um Úkraínu til að gera þeim kleift að takast eins vel og hægt er á við títt rafmagnsleysi sem stafar af stöðugum sprengjuárásum Rússa, sem hafa lamað allt að 50% af raforkumannvirkjum landsins. Samkvæmt heimildum hafa þeir einnig eyðilagt 286 skóla og skemmt 2.800 aðra í lok árs 2022.

Rafstöðvarnar veita ljós og hita fyrir börnin, skólabörnin og leikskólakennara þeirra og kennara. Þær eru einnig notaðir til að halda ísskápum og eldavélum gangandi og til að hlaða tölvur, spjaldtölvur og

snjallsíma. Þetta eru að mestu leyti færanlegar rafstöðvar, knúnar með bensíni eða dísilolíu, svo hægt er að flytja þær á aðra staði þegar þörf krefur. Nokkrir rafstöðvar eru notaðar í bráðabirgðaskýlum sem eru fyrir fórnarlömb eyðileggingarinnar, þar á meðal skólabörn.

Almennt séð hafa lionsklúbbar getað safnað fjármunum fyrir rafstöðvar, sem gefnar eru til úkraínskra skóla, án þess að fara í stórar markaðsherferðir, ofan á margar aðrar smærri einstaklings-, svæðis- og landsaðgerðir sem þeir höfðu þegar verið í eða fyrirhugað til þess að styðja við fórnarlömb innrásar Rússa í landið.

Sem dæmi má nefna að franskur lionsklúbbar með aðsetur í Bry-sur-Marne gaf 800 evrur fyrir viðarofna framleidda í Úkraínu sem átti að koma fyrir í flóttamannaskýlum áður en hann var upplýstur um evrópska rafstöðvaverkefnið. Sænskir lionsmenn ætla að gefa fræ og mat til Úkraínu fyrir vorið. Evrópskir lionsfélagar hafa verið öflugir í að senda mat, föt og aðrar nauðsynjar til Úkraínu það ár sem hörmungarnar hafa geysað.

Lionsfélagar sem stýrt hafa rafstöðva verkefninu hafa lagt mikla áherslu á að gera ferli þess 100% gegnsætt. Í öllu ferlinu hefur alþjóðlegur endurskoðandi og fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður frá Þýskalandi, **Daniel Isenrich**, yfirfarið öll viðskipti til að tryggja hámarks rekjanleika allra framlaga. Að dæmigerðum lionssið hafa meðlimir verkefnishópsins unnið að mestu leyti hönd í hönd með nokkrum af þeim 30 lionsklúbbum sem starfa í Úkraínu við að skipuleggja alla flutninga innan landsins og til að koma í veg fyrir hættu á spillingu, eins og við öll önnur mannúðarverkefni á vegum Lions um allan heim.

Hluti af því fé sem safnaðist í verkefnið fór í smurolíu á rafstöðvarnar,



Balletsýning í Swiss.



Rafstöð gefin frá Þýskalandi í verkefnið.





Rafstöð gefin frá Eistlandi í verkefnið.

sem fékkst frá Mobil á verði sem er 60% undir markaðsverði, og hluti til að standa straum af sendingarkostnaði. Það er enginn falinn kostnaður og allir þátttakendur eru sjálfbóðaliðar.

Þó að nokkrir einstakir stórir og smáir styrktaraðilar hafi komið hér að, þar á meðal frægt leikhús í München, höfðu lionsklúbbarnir sem tóku þátt, þegar safnað þessum fjármunum til margra annarra staðbundinna, innlendra eða alþjóðlegra mannúðarmála í gegnum góðgerðarviðburði eins og tónleika, ráðstefnur, happdrætti eða sölu á jólatrjáum eða pönnukökum. Fæstir lionsfélagar eru efnaðir en allir hafa þeir stórt hjarta.

Í flestum tilfellum hefur fjármagninu verið beint frá öðrum verkefnum vegna þessa brýna hjálparstarfs. Í Sviss, til dæmis, flutti lionsklúbbur í Sursee 12.000 svissneska franka (um 12.200 evrur) til evrópska rafstöðvaverkefnisins úr þeim fjármunum sem hann hafði þegar safnað til kaupa á notuðum sjúkrahúsi til Úkraínu með því að setja upp fallega indverska danssýningu. (mynd1).

Sumir klúbbar hikuðu þó ekki við að setja upp nýja viðburði og óskuðu eftir nýjum framlögum til þessa verkefnis. Til dæmis söfnuðu meðlimir finnsks klúbbs 700 evrum á aðeins tveimur klukkustundum með frjálsum framlögum frá almenningi í verslunarmiðstöð.

Sumir Lionsklúbbar í Belgíu, Finnlandi og Póllandi gáfu nokkrar stórar rafstöðvar til að knýja sjúkrahús og aðrar stórar stofnanir, jafnvel áður en sambærilegt sameiginlegt verkefni aðildarríkja Evrópusambandsins fór af stað.

Tvær stórar notaðar rafstöðvar voru útvegaðar af belgískum Lionsfélögum frá staðbundnum banka. Tvær stórar voru gefnir af pólskum klúbbum í átaki undir forystu Lkl. Opole og Lkl. Krakow Srodmiemie. Lionsklúbbar í Póllandi unnu að mestu leyti að skipulagshliðinni og tóku þátt í 66 öðrum mannúðaraðgerðum að verðmæti meira en 1 milljón Bandaríkjadala í Úkraínu á lionsárinu 2021/22 einu saman og mörgum öðrum síðan þá. Þau hafa að mestu verið fjármögnuð með LCIF styrkjum, en einnig með fjármunum frá Danmörku, Sviss, Þýskalandi, Svíþjóð og Japan.

**Hvernig evrópska smárafstöðva verkefnið þróaðist**

Saga evrópska rafstöðva verkefnisins fyrir úkraínska skóla er áhugaverð í sjálfu sér. Hún hófst í október síðastliðnum á Álandseyjum, sjálfstjórnar- og herlausu sænskumælandi svæði í Finnlandi. **Björn Hägerstrand**, 56 ára fyrrverandi umdæmisstjóri og meðlimur Lionsklúbbsins Åland Culinaria, lagði til að safna fé staðbundið til að hjálpa úkraínskum ríkisborgurum að takast á við sprengjuárásir Rússa á rafmagnsinnviði



Tvær rafstöðvar gefnar frá Þýskalandi í verkefnið.



Björn Hägerstrand.

landsins. Eftir nokkra daga sá hann á Facebook-færslu Kents Benediktssonar að sænski klúbburinn hans, LC Reng Höllviken, hefði safnað fé fyrir rafstöðvum sem verið var að senda til Úkraínu. Að lokum varð Kent verkefnastjóri fyrir alla Svíþjóð.

Björn, kraftmikill maður með 30 ára reynslu af alþjóðaviðskiptum, ræddi hugmyndina um samstarfsverkefni við aðra lionsfélaga á Norðurlöndunum, en hann er einnig NSR Coordinator. Þau samþykktu í meginatriðum að miða við skóla og leikskóla eftir að hafa rætt verkefnið við **Valentin Kravchenko**, leiðandi meðlim úkraínsku Lionsklúbbanna með aðsetur í Kyiv. Hugmyndin var síðan rædd á evrópsku Lionsþingi í Zagreb í lok október og því var loks hleypt af stokkunum í byrjun nóvember með áætlun um alla Evrópu í sjálfböðvinnu undir forystu Björns, undir yfirskriftinni „Veturinn er að koma til Úkraínu“.

Heiko Dallmann, fyrrverandi umdæmisstjóri og Coordinating Lion fyrir Úkraínu, gegndi lykilllutverki í að sannfæra þýska Lionsfélaga um að taka þátt í verkefninu, eftir að hafa unnið með Valentin við að stofna 28 nýja Lionsklúbba á síðustu 14 árum. Valentin, lionsfélagi til 20 ára, var fyrsti umdæmisstjóri í Úkraínu.

Upphaflega hugmyndin var að safna fé í skyndi og skipuleggja framleiðslu og afhendingu á að minnsta kosti 100 rafstöðvum til úkraínskra skóla og leikskóla fyrir jól. Að lokum voru viðbrögðin við tillögunni svo sterk að 391 rafstöð var send fyrir lok árs 2022.

Alls söfnuðust 18 rafstöðvar frá eistneskum Lionsklúbbum sem voru afhentar Lkl. Saku í Úkraínu fyrir jól. Um 40 rafstöðvar sem sænskir og norskir Lionsklúbbar gáfu voru afhentar persónulega til úkraínskra skóla í gegnum Ungverjaland af Anders Rendik svæðisstjóra frá Svíþjóð.

Í desember og janúar stóðu margir eistneskir Lionsklúbbar fyrir jólaveislum í eistneskum stíl fyrir úkraínsk flóttabörn til að kynna þeim jólasiði landsins og til að gefa þeim margar jólagjafir.

Til að tryggja að rafstöðvarnar yrðu sendar á rétta staði hefur verkefnishópurinn unnið að flestum sendingunum með 12 úkraínskum



Skóli í Lviv fær afhenta rafstöð frá Svíþjóð.

lionsklúbbum og Oksana Artemenko umdæmisstjóra. Átakið var samræmt af Valentin Kravchenko vegna góðra tengsla hans við fræðslufulltrúa og yfirvöld á staðnum, þar sem hann er í forsvari fyrir Lions Quest áætlunina í Úkraínu. Þetta er áætlun þar sem Lions vinnur með skólum að því að skipuleggja sérstakar vinnustofur sem ætlaðar eru til að byggja upp góða og ábyrga borgara. Lionsklúbbar Úkraínu hafa unnið með allt að 200 skólum árlega undanfarin sjö ár samkvæmt þessari áætlun.

Þegar harðnandi úkraínskur vetur nálgadist og rússneskar eldflaugar héldu áfram að herja á úkraínskar borgir breiddist áhuginn á rafstöðva verkefninu hratt út innan alþjóðlega Lionssamfélagsins og skapaði mikil snjóboltaáhrif. Miklu meiri fjármunir streymdu inn en það sem búist var við. Hins vegar stóðu Björn og félagar frammi fyrir stóru vandamáli: Allur Evrópumarkaðurinn var nánast hreinsaður af rafstöðvum, fyrst og fremst vegna stríðsins í Úkraínu. Í ofanálag voru mörg evrópsk heimili farin að kaupa rafstöðvar fyrir sín eigin heimili af ötta við skort á gasi eða rafmagni vegna pólitískrar spennu.

Verðið sem verksmiðjurnar rukkuðu hækkðu, sérstaklega í Úkraínu, en einnig í Þýskalandi og víðar í Evrópu, og verkefnisstjórnin var áfram um að loka verkefninu fyrir árslok 2022 til að standast frest sem ESB setti til að undanskilja félagasamtök frá greiðslu virðisaukaskatts af vörum og þjónustu. notað til aðstoðar við Úkraínu. Kurteislega var neitað tilboðum um samstarf frá lionsklúbbum til dæmis frá Hong Kong, Malasíu og Filippseyjum, en samþykkt að færa lokafrest Evrópuverkefnisins fram til 31. janúar til að gefa teyminu tíma til að finna lausn.

Að lokum fundu Björn og samstarfsmenn hans stóran framleiðanda í Tyrklandi, landi þar sem enginn virðisaukaskattur er greiddur í svona aðstæðum, í gegnum Juri Kurkki finnskan lionsfélaga sem er fagmaður í greininni. Tyrkneska fyrirtækið, sem vinnur fyrir Perkins, vinnuveitanda Juri í Frakklandi, samþykkti að taka sanngjarnt verð upp á um 600 evrur fyrir hverja rafstöð. Þá voru pöntuð 1.080 stykki frá tveimur verksmiðjum á Ístanbul-svæðinu. Frönskum og belgískum lionsklúbbum var leyft að ganga til liðs við verkefnið um miðjan desember og var aukið við pöntunina eftir viðbótarstuðning frá þeim og frá öðrum klúbbum í öðrum löndum.

Að lokum tilkynntu Frakkar þann 31. janúar að lionsklúbbar þeirra hefðu heitið meira en 260.000 evrum í verkefnið, næst á eftir Þýskalandi, sem hefur gefið eða heitið meira en 350.000 evrum. Í Finnlandi einu,

miklu minna landi með 17.480 lionsfélaga í 791 klúbba, söfnuðu 350 klúbbar og gáfu samtals rúmlega 250.000 evrur.

Lionsklúbbar í Finnlandi, Svíþjóð, Íslandi, Danmörku, Eistlandi, Póllandi og Þýskalandi voru fyrstir til að taka þátt í verkefninu, auk þeirra í Úkraínu. Þegar önnur lönd buðu fram aðstoð sína sagði Björn við evrópska verkefnahópinn þann 16. nóvember: „Það er svo ótrúlegt þegar fólk vinnur saman. Orkan bara margfaldast þegar aðrir taka þátt og allir vilja hjálpa þegar DNA Lions er hlaðið.“ Lionsklúbbar í Noregi, Hollandi, Sviss, Frakklandi og Belgíu bættust smám saman í upphafshópinn, í sumum tilfellum án íhlutunar síns umdæmis eða fjölumdæmis.

„Ég vona að allir lionsfélagar geri sér grein fyrir því að við getum öll hafið svona verkefni, þar sem við fáum svo mikinn kraft þegar við náum út yfir landamæri okkar og gerum hluti saman,“ sagði Björn og bætti við: „Þannig að ég vona svo sannarlega núna að verkefnið okkar verði neisti fyrir önnur stór samvinnuverkefni, sem gerir landamæri ósýnileg.“ og „það verða milljón fleiri möguleikar fyrir verkefni þegar endurreisa þarf Úkraínu“.

Margar aðgerðir lionsklúbba fara fram hjá fjölmiðlum, en þetta tiltekna úkraínska hjálparverkefni er einstakt vegna þess að það hefur reynst vera fyrsta stóra samstöðuverkefni þeirra á evrópskan mælikvarða. Það hefur byggst upp smám saman og sjálfkrafa frá grunni og út yfir landamæri, án aðkomu evrópskra samtaka.

Margir lionsklúbbar um alla Evrópu hafa safnað og eru enn að safna fé, hlýjum fatnaði, mat, kertum, vatnshreinsitöflum og lyfjum fyrir Úkraínu, en aðeins á einstaklings-, svæðis- eða landsgrundvelli, á meðan þeir halda einnig áfram að þjóna öðrum málefnum. Þýska Lions hefur verið í samstarfi við tékkneska, slóvakíska, pólska og rúmenska Lions til að aðstoða fólk í Úkraínu og flóttafólkið í Evrópu.

LCIF, alþjóða hjálparstjórnin hefur verið sérstaklega virkur í Úkraínu, þar á meðal útvegað mat og skjól fyrir úkraínska flóttamenn. Þú getur skoðað myndband um þetta LCIF verkefni hér: <https://www.youtube.com/watch?v=m26i8SqjLwE&t=53s>

Hægt er að setja inn texta og breyta tungumáli í skjátexta/Parameters hnappnum neðst til hægri á rannanum.

LCIF veitti fljótt örvunarstyrki fyrir evrópska rafstöðvaverkefnið til nokkurra Lionsklúbba sem höfðu gefið 5.000 \$ eða meira til sjóðsins.

Þann 7. febrúar sendi LCIF brýnt ákall til allra Lionsfélaga um allan heim um að leggja fram framlög til að hjálpa til við að fjármagna



Viðkenning veitt sænskum lionsfélögum fyrir framlags þeirra vegna rafstöðvanna.

Krakkar í Úkraínu fá afhenta rafstöð frá Þýskalandi.

hjálpstarf á þeim svæðum sem urðu fyrir áhrifum af jarðskjálftanum sem reið yfir suðurhluta Tyrklands og Sýrland þann 6. febrúar. LCIF hefur þegar lagt til \$200.000 fyrir þetta verkefni úr eigin sjóði.

**Lions International** (áður Lions Clubs International) eru stærstu þjónustusamtök heims, með um 1,4 milljónir félaga í meira en 200 löndum og svæðum. Það var stofnað árið 1917 og hefur verið viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum fyrir gagnsæi í störfum og verklagsreglur. Bara á síðasta ári tókst Lions að bæta líf hundruð milljóna manna um allan heim sem urðu fyrir barðinu á Covid, stríðum eða náttúruhamförum og á sviðum eins og vannæringu, sjónskerðingu, barnakrabbameini og forvarnir gegn sykursýki. Einnig er tekið þátt í aðgerðum til að efla

ungt hæfileikafólk og til að vernda umhverfið, auk annarra mannúðarmála.

Greinina ritaði: Eugenio Di Maria, international spokesman for the project, based in France  
Íslensk þýðing: PCC Björg Bára Halldórsdóttir, í verkefnisstjórn rafstöðvarverkefnis.



## Minning + Pétur Jóhannsson



*Kveðja frá Lionsklúbbi Akraness*

Látinn er félagi okkar Pétur Jóhannsson. Pétur gekk til liðs við Lionsklúbb Akraness þann 19. febrúar 2013. Hann fór fljótt að láta til sín taka innan klúbbsins. Á næsta starfsári starfaði hann í fjáröflunarnefnd klúbbsins og oft síðan. Starfsárið 2014 – 2015 var hann meðstjórnandi í stjórn klúbbsins og hélt áfram störfum sínum í fjáröflunarnefnd. Starfsárið

2015 – 2016 var hann gjaldkeri, og á næsta starfsári tók hann við sem formaður. Starfsárin þar á eftir var hann í ýmsum nefndum. Hann sinnti störfum sínum af alúð og mætti vel á fundi og uppákomur á vegum klúbbsins. Í helstu fjáröflun okkar lionsmanna, útleigu á

ljósakrossum tók hann virkan þátt og mætti vel til starfa á þeim vettvangi, nú síðast í desember. Ég átti þess kost að starfa með honum í stjórn klúbbsins. Hann var gjaldkeri á formannsári mínu 2015 – 2016. Það var gott að vinna með Pétri og sinnti hann störfum sínum að alúð enda gekk samstarfið afar vel. Nú er skarð fyrir skildi hjá Lionsklúbbi Akraness, einn af okkar öflugustu félögum er horfinn á braut, félagi sem átti mörg starfsár eftir innan klúbbsins. Um leið og við minnumst Péturs með hlýju og trega, þá biðjum við allar góðar vættir að halda utan um og styðja fjölskyldu hans á þessum erfiðu tímamótum.

Megi guð geyma Pétur Jóhannsson.

E.h. félagi í Lionsklúbbi Akraness  
Benjamín Jósefsson

# Árlegt Boccia mót Lions á Suðurnesjum og Ness



Inga Lóa Steinarsdóttir svæðisstjóri með silfurmedalíuhöfum frá Kvænnfélaginu Gefn og Ívar Gunnrúnarson frá Nes ásamt Petrínu Sigurðardóttur frá Nes.



Inga Lóa Steinarsdóttir svæðisstjóri með bronsmedalíuhöfum frá Púttklúbbi Keflavíkur og Söndru Rós Margeirsdóttur frá Nes ásamt Petrínu Sigurðardóttur frá Nes.

Mikil gleði ríkti í Blue höllinni laugardaginn 7. Janúar sl. þegar Lionsklúbbarnir á Suðurnesjum héldu sitt hefðbunda Boccia mót ásamt Nes, Íþróttafélagi fatlaðra og fleiri félagasamtökum. Að venju tóku ýmsir klúbbar og stofnanir þátt og fær Nes framlag frá þeim öllum í sinn sjóð.

Út af dálitlu hefur mótið ekki verið haldið sl. 2 ár en á sér annars langa sögu.

Í ár kepptu 30 lið og stóðu Lionsklúbbur Njarðvíkur B lið ásamt íslandsmeistararnum Jósep Daníelssyni frá Nes uppi sem sigurvegarar. Í öðru sæti var Kvenfélagið Gefn í Garði ásamt Ívari Gunnrúnarsyni og í því 3ja var Púttfélag Suðurnesja með Söndru Rós Margeirsdóttur.

Mikil ánægja var með að koma þessu aftur af stað og verður vonandi hægt að halda áfram ótruflað næstu ár.

*Inga Lóa Steinarsdóttir, svæðisstjóri*



Inga Lóa Steinarsdóttir svæðisstjóri svæði 5 með Lions meisturum 2023 Lkl. Njarðvíkur B. Hafsteinn Ingibergsson Jósep Daníelssyni frá Nes, Ólafur Thorderen. Ásamt Petrínu Sigurðardóttur frá Nes.

## Lionsklúbburinn Muninn í Kópavogi

Matthías Frímansson félagi í Lionsklúbbnum Muninn í Kópavogi fagnaði 90 ára afmæli sínu 30. desember árið 2022.

Í tilefni af þeim tímamótum heimsóttu félagar hans í Lionsklúbbnum Muninn hann, þar sem hann dvelur á Hjúkrunarheimilinu Mörk og færðu honum gull Kjaransmerki Lions.



## Fréttir frá Lionsklúbbnum YLFU Akureyri



Inntaka: Sif Hjartardóttir meðmælandi, Unnur Vébjörnsdóttir ný Ylfa, Eydís Einarisdóttir ný Ylfa, Lísbet formaður, María ritari og Anna Blöndal frv. umdæmissjóri.



Lísbet formaður sæmir Jónu Kristínu viðurkenningu fyrir félagafjölgun.



Lionsbangsinn bauð gesti velkomna á jólabazarinn.

Í desember síðastliðnum hélt Lionsklúbburinn Ylfa sinn árlega jólabazar. Að venju var á boðstólum vandað jólahandverk Ylfukvenna og jólabakstur. Einnig var ýmislegt gamalt jóladót úr geymslum klúbbsystra. Við erum farnar að kannast við ansi marga sem koma á markaði hjá okkur. Flestir til að styrkja starfið en sumir einfaldlega til að kynna þeim góða anda sem fylgir þessum uppákomum okkar. Til gamans má geta þess að við eigum nokkra „áskrifendur“ sem kaupa ár eftir ár jólakökuna okkar. Nú í ár þurftum við að senda hana „út á land“.

Fyrsti fundur ársins var haldinn fimmtudaginn 26. janúar. Sá fundur var einkar ánægjulegur þar sem tvær konur, Eydís Einarisdóttir og Unnur Vébjörnsdóttir, gengu til liðs við klúbbinn. Á þessum sama fundi fékk Jóna Kristín Guðmundsdóttir viðurkenningu fyrir að stuðla að félagafjölgun og hún hefur líka verið öflugur sykursýkisfulltrúi klúbbsins.

Við erum afar ánægðar með þessa aukningu. Í þessum tveimur konum sjáum við öflugra lionsfélaga.

Ylfur eru nú á fullu að undirbúa aðalfjáröflun okkar þ.e vinkonukvöld þann 10. mars.

Gerður Jónsdóttir upplýsingafultrúi Lkl Ylfu Akureyri



Jólatré hlaðið skrauti sem ein Ylfanna, Borghildur Blöndal, bjó til.



Kökuúrval á kökubazar.



Stjórn Ylfu á seinna starfsári. Bryndís Vilhjálmisdóttir gjaldkeri, Lísbet Vala Snorraddóttir formaður og María Hensley ritari.